

Kópavogi, 4. september 2020.

Ágæti skólustjóri.

Hér eru nokkur atriði sem við viljum minna á í aðdraganda samræmdra könnunarprófa í 4 og 7. bekk í haust. Prófin verða lögð fyrir 7. bekk dagana 24. og 25. september en fyrir 4. bekk dagana 30. september og 1. október.

Upplýsingar um prófin og framkvæmd þeirra

Á vef [Menntamálastofnunar](#) er að finna allar upplýsingar um könnunarprófin. Þar eru [leiðbeiningar um framkvæmd](#), góðar upplýsingar um ferlið og fleira.

Uppsetning vefláss og undirbúningur tækja

Vefláss verður notaður í könnunarprófunum í haust. Þannig þarf að tryggja að vefláss virki í öllum tölvum. Unnt er að nota kynningarprófin til að athuga hvort vefláss virki en hér má sjá [leiðbeiningar](#) um uppsetningu hans.

Þá bendum við á upplýsingar um [undirbúning tækja](#) sem mikilvægt er að fara yfir fyrir prófin.

Skráning stuðningsúrræða og undanþága

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda fyrir miðnætti **fimmtudaginn 10. september** í [Skólagátt](#). Eyðublöð fyrir [umsóknir um stuðningsúrræði og undanþágur](#) má finna á vef stofnunarinnar. Við minnum á að ekki þarf að skrá stuðningsúrræði nema um sé að ræða þörf á upplestri (próf með hljóðskrá) eða vegna sérstakra aðstæðna. Ekki þarf að skrá ósk um lengri próftíma, próf allra nemenda verða stillt þannig að nemandinn geti nýtt sér viðbótarpróftíma til viðbótar við grunnpróftíma reynist þess þörf. Þetta þýðir að nemandi í 4. bekk getur verið í allt að 100 mínútur í prófinu og nemandi í 7. bekk í allt að 110 mínútur. Sambærilegt fyrirkomulag var notað í prófum í 9. bekk í vor og reyndist vel.

Sé óskað eftir sértækari stuðningsúrræðum sem nýtast einungis nemendum með tiltekna þarfir og eru jafnframt sjaldgæf, skal senda tölvupóst til Menntamálastofnunar á póstfangið prof@mms.is.

Innskráning í próf á prófdögum

Til að draga úr álagi á netkerfi skóla og á prófakerfið er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Hefji allir nemendur próftöku á sama tíma getur orðið mikið álag. Til að minnka líkur á hvers konar tæknilegum vandamálum er farsælt að dreifa álagi eins og kostur er. Mælst er til þess að skólustjórar ákveði að upphaf próftöku nemenda verði með jöfnu millibili. Til dæmis að skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólustjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Gátlisti og viðbragðsáætlun

Mikilvægt er að skólar undirbúi vel framkvæmdina og geri viðbragðsáætlanir gagnvart hvers konar hnökrum á prófdögum. Á vef Menntamálastofnunar má sjá [viðbragðsáætlun](#) stofnunarinnar og [gátlista skóla](#) sem gagnlegt er fyrir skólastjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna að kynna sér.

Kynningarpróf

Með [kynningarprófunum](#) geta nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir áhugasamir kynnt sér prófakerfið. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að skrá sig inn í kynningarpróf, m.a. til að sjá hvernig prófakerfið og veflás virka.

Upplýsingafundir (fjarfundir) í aðdraganda prófanna

Líkt og áður munum við bjóða upp á upplýsingafundi þar sem starfsmenn skóla geta átt samtal við starfsmenn Menntamálastofnunar, komið með fyrirspurnir og fengið svör við þeim. Fundirnir hafa gefist vel og eru upplýsandi fyrir alla aðila. Við viljum endilega fá umsjónaraðila prófa, kennara, tölvufólk og aðra til að tengjast fundunum.

Zoom - upplýsingafundir verða haldnir eftirtalda daga:

Mánudaginn 7. september, kl. 14:30 - <https://bit.ly/3jG2fFZ>

Mánudaginn 21. september, kl. 14:30 - <https://bit.ly/32UHwHO>

Vinsamlegast athugið að opnað verður fyrir fundina 5 mínútum fyrir áætlaðan tíma.

Bréf til nemenda og foreldra

Nú eru upplýsingabréf til nemenda í 4 og 7. bekk og forráðamanna þeirra aðgengileg á [vef stofnunarinnar](#). Þau hafa verið þýdd á ensku og pólsku. Við óskum eftir því að skólar komi bréfunum til nemenda og foreldra/forráðamanna hið fyrsta.

Hafið samband ef eitthvað er

Ef þörf er fyrir frekari upplýsingar eða stuðning vegna prófanna, vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið prof@mms.is Starfsfólk í þjónustuveri Menntamálastofnunar er ávallt tilbúið til að aðstoða í síma 514-7500.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs,
Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur.